

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd

*Sent í gegnum umsagnagátt Alþings*

Reykjavík, 16. apríl 2026

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 567. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. mars, var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Að mati LL felur frumvarpið í sér verulega réttarbót fyrir lífeyrissjóði, sjóðfélaga þeirra og efnahagslífið í heild. Þá þykir rétt að taka það fram að málið hefur verið unnið af mikilli fagmennsku starfsmanna fjármála- og efnahagsráðuneytisins og var haft ítarlegt samráð við LL og aðra haghafa um efni frumvarpsins.

Raddir hafa heyrst þess efnis að markmið frumvarpsins sé að auka frelsi lífeyrissjóða í fjárfestingum, jafnvel þannig að þörf sé á einhvers konar „mótvægisáðgerðum“. Eins og margoft hefur komið fram er markmið frumvarpsins fyrst og fremst það að bæta eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða. Núgildandi magnbundnar takmarkanir eru óháðar áhættusniði lífeyrissjóða, sem getur verið misjafnt. Þá eru margar þeirra óháðar stærð, áhættu og eðli fjárfestingar. Með því að draga úr þessum magnbundnu takmörkunum, og byggja í auknum mæli á svonefndri skynsemisreglu, er ýtt undir áhættuvitund og möguleika lífeyrissjóða til að laga eignasafnið að áhættusniði með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Minni áhersla á magnbundnar takmarkanir getur þannig skilað sér í betri eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Breytingarnar eru jafnframt almennt til þess fallnar að liðka fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða svo sem í innviðaverkefnum auk þess sem heimild til verðbréfalána, sem finna má í frumvarpinu, kann að bæta virkni verðbréfamarkaðar hérlendis.

Með vísan til ofangreinds ítreka LL stuðning sinn við frumvarpið og eru fús til að svara spurningum um málið ef einhverjar vakna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Bórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri